

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. september 2008
Tilvísun: UST20080900056/bs

Ákvörðun um matsskyldu vegna Djúpadalsvegar (6087) - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. september 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða lagningu nýs vegar Djúpadalsvegar 6087 en hann mun liggja frá fyrirhuguðum Vestfjarðavegi á Hallsteinsnesi að núverandi Vestfjarðavegi undir Mýrlendisfjalli. Lengd kaflans er um 5,7 km.

Fyrstu tveir km vegarins eru námuvegur og skering (náma 42) sem fjallað var um við mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar. Veður því ekki fjallað frekar um þennan hluta vegarins. Frá stöð 2000 til 3600 fylgir vegurinn að hluta núverandi slóð. Frá stöð 3600 að Krossgili liggur vegurinn að mestu um gróna mela. Frá Krossgili að núverandi Vestfjarðavegi mun vegurinn liggja að hluta um gisið birkikjarr.

Vegurinn liggur hvorki um friðlýst svæði né svæði á Náttúruminjaskrá.


Vegur liggur að mestu um gróna mela, á stuttum köflum um gömul tún og innan við Krossgil á mörkum ræktaðs lands og birkikjarrs. Áhrif á gróðurfar verður væntanlega lítið umfram það gróðurlendi sem fer undir veg. Gróðurfur var kannað á hluta leiðarinnar eins og fyrr segir og var ekki talið að á því svæði væri að finna sérstætt gróðurfar. Áhrif á jarðmyndanir verða einkum vegna skeringa í námu 42 og fyllinga í Krossgili. Unnt er að draga verulega úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar með vönduðum frágangi á þessum stöðum.

Til álita kom að leggja Djúpadalsveg um vestanverðan Djúpafjörð frá Grónesi að núverandi Vestfjarðavegi við Ódrjúgsháls. Ekki er akfær vegur um þetta svæði. Vegur um þetta svæði myndi spilla arnarvarpi auk þess sem svipmiklum jarðmyndunum yrði raskað.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að lagning Djúpadalsvegar um austanverðan Djúpafjörð muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefnisson


Ólafur A. Jónsson